
Náms- og starfsráðgjöf FSu



Ársskýrsla
skólaárið 2008-2009

Agnes Ósk Snorradóttir

Anna Fríða Bjarnadóttir

Álfhildur Eiríksdóttir

Eyvindur Bjarnason

Efnisyfirlit

Starfslið og nemendafjöldi

Símenntun og endurmenntun starfandi náms- og starfsráðgjafa

Verkefni náms- og starfsráðgjafa

Nýnemaviðtöl

Námskeið og áhugasviðskannanir fyrir nemendur

Kynningarstarf

Kynningar innan skólans

Kynningar háskóla

Kynningar í grunnskólum

Heimsóknir grunnskóla

Aðrar heimsóknir

Prófatími

Lestrarörðugleikar

Prófkviði

Önnur úrræði

Tilhliðrun í prófum

Lestrarkönnun

Opin vottorð

Tilvísanir og samskipti við sérfræðinga fyrir utan FSu

Viðtöl

Útgáfa

Verkferill að hætta í áfanga og að hætta í skóla

Ýmis verkefni sem ekki falla undir sérstakan lið

Umræður og lokaorð

Starfslið og nemendafjöldi

Þetta skólaár störfuðu fjórir náms- og starfsráðgjafar við skólann. Agnes Ósk Snorradóttir var í 75% starfi, Álfhildur Eiríksdóttir í 100% starfi á haustönn og 75% starfi á vorönn. Eyvindur Bjarnason var í 25% starfi á haustönn en hætti á vorönn. Anna Friða Bjarnadóttir fór í 100 % starf náms- og starfsráðgjafa í fangelsum á Íslandi á haustönn en á vorönn var það 50 % starf og hún kom í 50 % starf í FSu á móti.

Nemendur voru á haustönn 1.017

Á vorönn voru nemendur 976

Símenntun og endurmenntun starfandi náms- og starfsráðgjafa

Agnes og Álfhildur hófu nám í seinnihluta til MA í náms- og starfsráðgjöf við HÍ á haustönn.

Agnes fór á leiðbeinendanámskeið Baujan-sjálfsstyrking og tilfinninganámskeið í ágúst

Agnes, Anna Friða og Álfhildur fóru á námskeið á vegum FNS og Landlæknisembættisembættisins um viðbrögð við áföllum og kreppu í þjóðfélaginu í febrúar

Agnes og Anna Friða fóru á námskeiði í raunfærnimati á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Agnes og Álfhildur fóru á námskeið "Að auka áhrif sín og árangur" á vegum FNS í maí

Agnes og Álfhildur fóru á námskeið í handleiðslu nema í Háskóla Íslands í maí

Verkefni náms- og starfsráðgjafa

Í þessum kafla er yfirlit yfir helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa

Nýnemaviðtöl

Í byrjun hvernar annar skipuleggja náms- og starfsráðgjafar viðtöl fyrir nýnema.

Fyrirkomulagið er þannig að nemendur eru boðaðir í viðtöl í litlum hópum þar sem farið er yfir verkefni náms- og starfsráðgjafa og ýmis mál sem snúa að nýnemum. Þessi háttur hefur verið hafður á frá því náms- og starfsráðgjöf hófst formlega í FSu. Heimtur á nemendum eru ekki góðar og mæta nemendur ekki nógu vel. Hugmyndir eru uppi um að hafa þessa kynningu inni í nýnemadegi sem yrði á haustönnum í byrjun skólans.

Til þess að kynna verkefni náms- og starfsráðgjafa í FSu fór Agnes í alla hópana í SJÁ F91. SJÁ er sjálfstyrkingaráfangi á almennri braut-fornám á haustönn. Álfhildur fór í umsjón 10. bekkinga sem hefja nám við FSu í janúar.

Námskeið og áhugasviðskannanir fyrir nemendur

Markmið okkar náms- og starfsráðgjafa hefur verið að bjóða upp á námskeið eða áhugasviðskönnun einu sinni í mánuði á starfstíma skólans.

Áhugasviðskönnunin IDEAS var lögð fyrir tvisvar á skólaárinu. Agnes lagði áhugasviðskönnun fyrir í október og Anna Friða í mars. Mikil aðsókn var í öll skiptin

Agnes auglýsti neistanámskeið í lok ágúst en enginn skráði sig

Agnes og Álfhildur voru með örnámskeið í hádeginu í október sem voru lítið nýtt

Agnes var með prófundirbúningsnámskeið í nóvember þar sem aðsókn var frammar björtustu vonum, um 30 manns

Agnes var með námshringinn í febrúar og í framhaldi var hverjum og einum sinnt á einstaklingsgrundvelli

Álfhildur var með námskeið í mars í lestaraðferðum, minnistækni og glósugerð. Aðsókn var það lítil að málið var leyst á einstaklingsgrundvelli hjá þeim sem skráðu sig

Agnes var með prófundirbúningsnámskeið í apríl en aðsókn var dræm og þeim sinnt á einstaklingsgrundvelli sem skráðu sig

Kynningarstarf

Kynningarstarf náms- og starfsráðgjafa er fjórþætt: kynningar innan og á vegum skólans, háskólakynningar, heimsóknir í grunnsóla og móttaka grunnskólanema sem koma í heimsókn. Svo eru ýmiss óregluleg verkefni sem tilheyra þessum flokki.

Kynningar innan skólans

Agnes var með prófundirbúningsnámskeið í nóvember

Náms- og starfsráðgjafar voru með kynningu á starfi sínu á kennarafundi í mars

Anna Friða var með kynningu á IDEAS, áhugasviðskönnun, í umsjón útskriftarnema í mars

Kynningar háskóla

Háskólinn í Horsens kom í október

Odense Tekniske Skole kom í október

Háskólinn á Bifröst kom í nóvember

Á Kátum dögum í lok febrúar komu Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Bifröst, Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskóli Íslands, Háskólinn í Reykjavík og Listaháskóli Íslands allir á sama tíma á Háskólatorg þar sem nemendum gafst færi á að kynna sér nám allra skólanna í einu.

Business Academy West kom í febrúar

International Business Academy kom í febrúar

Aarhus Business College kom í mars

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs kom í lok mars

Kynningar í grunnskólum

Farið var af stað með nýja, endurbætta og styttri kynningu fyrir grunnskólanna í samráði við sviðsstjóra skólans.

Agnes fór í janúar í Laugaland í Holtum

Anna Friða fór í febrúar í Vallaskóla og Barnaskólann á Eyrarbakka og Stokkseyri

Agnes fór í Grunnskólann á Hellu í mars

Agnes fór í Grunnskólann í Þorlákshöfn í apríl

Heimsóknir grunnskóla

Á þessu starfsári var bryddað upp á nýjungum varðandi heimsóknir grunnskóla hingað á vorönn. Var öllum grunnskólum á svæðinu sendur tölvupóstur með boðsbréfi um að koma á fyrirfram ákveðnum tíma í mars. Ákveðið var að gera þetta til þess að nemendur grunnskólans sæju hvernig skólinn lítur út á skólatíma og nemendafélagið var fengið til að vera með kynningu. Hingað til hafa grunnskólar mikið verið að koma á prófatíma.

10. bekkir úr eftirfarandi grunnskólum komu í heimsókn:

Mars:

Flúðaskóli, Grunnskólinn á Hellu og Grunnskólinn í Vík

Apríl:

Sex hópar úr Vallaskóla Selfossi

Maí:

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Einnig tóku náms- og starfsráðgjafar á móti nokkrum einstaklingum á skólaárinu sem komu til að kynna sér skólann

Aðrar heimsóknir

Academia, Leonardo verkefni á vegum Evrópumíðstöðvar, sem var 20 manna hópur náms- og starfsráðgjafa kom hingað í byrjun apríl og fékk að kynnast starfi náms- og starfsráðgjafa og skólanum

Álfhildur tók á móti útskriftarárgangi Leikskólans Álfheima í apríl

Hópur Svía á vegum Árborgar kom í heimsókn í byrjun maí og heimsótti Önnu Friðu í fangelsið á Litla-Hrauni og skoðaði einnig FSu.



Academia hópurinn og gestgjafar

Prófatími

Náms- og starfsráðgjafar koma með ýmsum hætti nálægt prófundirbúningi. Nemendur geta sótt um lengri próftíma vegna lestrarörðugleika, prófkvíða eða annarra þátta. Einnig geta þeir leitað eftir ýmsum sérúrræðum varðandi prófaðstæður. Að auki hafa náms- og starfsráðgjafar um nokkurra ára skeið boðið upp á slökun á prófatíma en hún hefur ekki verið nýtt sem skyldi og eru uppi vangaveltur um að breyta fyrirkomulaginu fyrir komandi skólaár.

Lestarrörðugleikar

Til þess að geta sótt um lengri próftíma vegna lestrarörðugleika verður greining að vera fyrirbyggjandi. Þessir nemendur eiga einnig rétt á hljóðprófum (próf lesin inn á disk fyrir viðkomandi nemendur), stækkuðu lettri, lituðum próförkum, munnlegum prófum og einveru eða fámenni í prófum. Það kerfi að láta viðkomandi nemendur hafa skirteini sem gildir þann tíma sem nemendur eru í skólanum er heppilegra fyrir nemendur sem þurfa þá ekki að sækja um lengri próftíma á hverri önn.

Prófkvíði

Í prófi er eðlilegt að finna fyrir einhverri streitu. Hófleg streita getur orðið hvetjandi og stuðlað að bættri frammistöðu nemandans í próflestri og við próftöku. Langvarandi og mikill prófkvíði getur hinsvegar verið hamlandi og haft áhrif á frammistöðu í prófum. Prófkvíði er tilfinning sem fylgir hræðslunni við að mistakast þar sem próf eða mat fer fram. Prófkvíðinn hamlar skynjun, árangri og heftir próflestur og próftöku.

Nemandinn verður hræddur við að gera mistök og prófaðstæður verða í huga hans ógnandi, jafnvel skaðlegar. Nemendur með prófkvíða hafa rétt á lengri próftíma og í sumum tilfellum einveru í prófum og/eða munnlegu prófi. Náms- og starfsráðgjafi lítur einnig sérstaklega til nemenda í prófum sé þess óskað.

Önnur úrræði

Önnur sérúrræði á prófatíma sem hægt er að sækja um í sérstökum tilvikum eru t.d. að hafa aðstoðarmann, taka próf í tölvu eða fá að vera í fámenni/einveru. Boðið eru upp á fleiri úrræði en aðstæður eru metnar fyrir hvert tilvik.

Tilhliðrun í prófum

Á haustönn var sótt um sérstakar prófaðstæður í 58 prófum en á vorönn í 48 prófum

	Haust 2008	Vor 2009
Fámenni	25	23
Próf á geisladiski	23	15
Með aðstoð og/eða tölvu	0	2
Stækkað letur	6	5
Litaður pappír	0	3
Sérstakur upplestur í stafsetningu	4	0

Tölurnar í töflunni geta skarast þar sem sama prófið getur verið til dæmis í fámenni og með stækkað letur og á geisladiski. Nemendur sóttu um sérstakar prófastæður ýmist í öllum þeim greinum sem þeir þreyttu lokapróf eða einhverjum hluta þeirra allt eftir gerð prófa og aðstæðum hvers nemandar fyrir sig. Allir nemendur með greiningu eiga rétt á lengi próftíma og eins og áður hefur komið fram en fjöldi þeirra á haustönn var 154 en 170 á vorönn. Þetta er gríðarleg fjölgun milli skólaára en skýringin að hluta til er sú að náms- og starfsráðgjafar uppgötvaðu gat í kerfinu sem þeir reyndu svo að loka með því að biðja fólk um að skila greiningum. Ekki er eingöngu um fólk með námsörðugleika að ræða heldur einnig nemendur sem við þurfum að hafa yfirlit yfir s.s. nemendur með bráðaofnæmi og fleira.

Mismunandi er hvort nemendur nýta sér þennan rétt í öllum prófum eða bara hluta þeirra. Þar sem nemendur með greiningu fá allir skírteini sem þeir nota allan sinn námsferil hér er erfiðara fyrir okkur að hafa yfirsýn hverjir það eru á hverjum tíma. Þetta kerfi er hins vegar mun skilvirkara fyrir nemendur sem þurfa ekki að sækja um þetta á hverri önn heldur bara í eitt skipti þegar greining liggur fyrir.

Vinnuferlið er þannig að nemandi skilar inn greiningu, sem náms- og starfsráðgjafi skráir hjá sér og sendir svo upplýsingar til kennara viðkomandi þegar greining berst og í upphafi annar eftir það meðan nemandi er í skólanum. Síðan fá allir á greiningarlista sendan tölvupóst til að minna á að sækja um sérúrræði fyrir próf ef það á við

Lestrarkönnun

Náms- og starfsráðgjöf hefur yfirumsjón og vinnur úr lestrarkönnun. Íslenskukennarar leggja hana fyrir í upphafi skólaárs í öllum byrjunaráföngum í íslensku. Sú nýbreytni varð á skólaárinu að hún var einnig lögð fyrir ákveðna hópa í byrjun vorannar. Niðurstöður hennar eru síðan sendar til Harðar Ásgeirssonar og Önnu Þóru Einarsdóttur sérkennara og fór ákveðinn hluti nemenda í greiningarviðtöl og flestir nemendur fengu greiningu um leshömlur af einhverju tagi. Einnig er nokkuð um að nemendur sem áður hafa verið greindir leiti til sérkennara vegna erfiðleika til að rifja upp hver réttur þeirra er í skólanum. Á lista yfir þá nemendur sem inniheldur sértæka námsörðugleika eru nú 170 nemendur en voru 154 á haustönn.

Opin vottorð

Eitt af verkefnum náms- og starfsráðgjafa er að halda utan um nemendur sem eru með opin vottorð vegna langvarandi veikinda sem hafa áhrif á skólagöngu þeirra og mætingar. Fyrirkomulagið er þannig að nemendur skila inn opnu vottorði og hringja svo í veikindasímann þegar þeir geta ekki mætt vegna veikinda sinna eða forráðamenn í þeim tilvikum þar sem um er að ræða nemendur yngri en 18 ára. Eru veikindi þá skráð jafnóðum fyrir hvern dag. Náms- og starfsráðgjafar sjá um að merkja viðkomandi nemanda með opið vottorð í Innu og senda póst á alla kennara um leið og opið vottorð berst.

Á haustönn voru 41 með opið vottorð. 1 hætti á önninni og 4 féllu á önn, en einn þeirra hélt þó einingum. Þessir nemendur byrjuðu í 722 einingum, luku 433 þeirra (60%), féllu í 247 (34%), hættu í 37 (5%) og 5 einingar í íslensku voru með einkunn B (biðeinkunn). 6 luku öllum sínum einingum, 1 í viðbót ef talin er með B einkunn og 2 að auki luku öllu sínu nema þeim einingum sem þeir hættu í.

Á vorönn voru 59 með opið vottorð. 4 hættu á önninni. Þessir nemendur byrjuðu í 1055 einingum, luku 603 þeirra (57%), féllu í 366 (35%) og hættu í 86 (8%). 16 luku öllum sínum einingum, þar af 12 þeirra fullum dagskóla eða meira en 16 einingar+. Sá nemandi sem lauk flestum einingum lauk 25 einingum á önninni.

Tilvísanir og samskipti við sérfræðinga utan FSu

Fjölbrautaskóli Suðurlands borgar allt að þrjú viðtöl fyrir nemendur sem náms- og starfsráðgjafar vísa til sálfræðings. Þörfin er griðarlega mikil. Á haustönn sóttu 7 nemendur skólans sálfræðiviðtöl utan skólans, samtals 14 sinnum. Á vorönn voru þeir 8 í samtals 20 skipti. Einnig hafa náms- og starfsráðgjafar átt í samskiptum við eftirfarandi stofnanir og sérfræðinga

Félagsmálayfirvöld
Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans (BUGL)

Sjálfstætt starfandi sálfræðinga
Heilsugæsluna

Lögregluna

Viðtöl

Færst hefur í aukana að náms- og starfsráðgjafar séu fengnir í ýmis sérverkefni s.s. verkferlagerð og FOV171 sem veldur því að náms- og starfsráðgjafar hafa ekki getað sinnt öllum þeim sem hafa leitað eftir þjónustu þeirra.

Skráning viðtala hjá náms- og starfsráðgjafa er þáttur sem hefur reynst erfitt að halda utan um. Að þessu sinni koma fram meðtaltalstölur um viðtöl sem ættu að gefa vísbendingar um umfang viðtala við nemendur skólans.

Persónuleg viðtöl skiptust nokkuð jafnt á milli kynja en má áætla að um 80 viðtöl sem varða persónuleg mál hafi verið tekin að meðaltali á mánuði miðað við tvö stöðugildi. Námsleg viðtöl voru um 110 á mánuði miðað við tvö stöðugildi og sóttu stúlkur þau frekar en drengir. Að auki eru símtöl, viðtöl við kennara, foreldra og aðra ekki talin með.

Útgáfa

Í október var matreiðslubæklingi dreift til nemenda á nemendagörðum skólans. Agnes átti veg og vanda af þeirri „útgáfu“. Bæklingurinn samanstendur af léttum uppskriftum fyrir 2-4 einstaklinga ásamt góðum ráðum um skipulagningu innkaupa.

Agnes hannaði nafnspjöld fyrir náms- og starfsráðgjafa sem komu að góðum notum.

Í janúar var ný heimasíða tekin í notkun í FSu. Í framhaldi af því tók Álfhildur að sér að fara yfir heimasíðu náms- og starfsráðgjafar. Núna er heimasíðan „lifandi“ og upplýsingar uppfærðar reglulega. Nýjungar á heimasíðunni er „á döfinni“ þar sem nemendur geta nálgast upplýsingar um námskeið og annað sem er framundan hjá náms- og starfsráðgjöfinni. Einnig er hægt að fara inn á „fréttir“ þar sem áhugasamir geta kynnt sér frétt næmt efni tengt náms- og starfsráðgjöf skólans.

Verkferill að hætta í áfanga og hætta í skóla

Á haustönn lagði náms- og starfsráðgjöf til breytingar á skráningu nemenda sem hætta í skólanum eftir að skólastarf er hafið. Þessar breytingar voru hugsaðar til þess að auðvelda yfirsýn yfir ástæður þess að nemendur hætta í skólanum og til þess að skólinn geti frekar mætt þessum nemendum. Samkvæmt verkferlinum eiga allir nemendur sem hætta, að tala við náms- og starfsráðgjafa og fylla þar út eyðublað þar sem koma fram ástæður fyrir því að þeir ætla að hætta í skólanum. Hugmyndin var síðan að vinna tölfraeðilega út úr þessum gögnum. Það var gert á haustönn og sú skýrsla afhent skólameistara. Á haustönn hættu 55 nemendur í skólanum og töluðu náms- og starfsráðgjafar við 23 nemendur, 13 stúlkur og 10 drengi eða 41% þeirra sem hættu í skólanum. Aðrir nemendur sem hættu voru í flestum tilfellum skráðir út af stjórnendum skólans, 20 drengir og 12 stúlkur eða 59% af þeim sem hættu í skólanum. Ýmsar ástæður eru fyrir því að þessir nemendur skiluðu sér ekki til náms- og starfsráðgjafa en oft er erfitt að ná í þessa einstaklinga. Á vorönn töluðu 14 nemendur við náms- og starfsráðgjafa af 43 nemendum sem skráðu sig úr skólanum eða 6 stúlkur og 7 drengir sem gerir 32% af þeim nemendum sem hættu í skólanum. Náms- og starfsráðgjafar telja það ekki nógu góðar heimtur til þess að vinna tölfraeðiupplýsingar úr. Á vorönn skráðu aðrir en náms- og starfsráðgjafar 29 nemendur úr skólanum eða 68% þar af 22 drengi og 7 stúlkur. Vekur athygli að kynjahlutfall þeirra sem náms- og starfsráðgjafar tilkynna að séu hættir í skólanum er nokkuð jafnt en aðrir en náms- og starfsráðgjafar virðast frekar skrá út drengi. Kerfi sem þetta þarf að skila fleiri „hættu“ nemendum til náms- og starfsráðgjafa til þess að hægt sé að vinna marktækt úr gögnunum því var það ekki gert á vorönn. Ef brottfall úr FSu er skilgreint sem þeir nemendur sem hætta í skólanum eftir að skólastarf er byrjað, kemur í ljós að drengir hætta frekar í skólanum en 30 drengir hættu á haustönn á móti 25 stúlkum. Á vorönn er munurinn enn aðeins meiri eða 17 stúlkur og 29 drengir.

Ýmis verkefni sem ekki falla undir sérstakan lið

Agnes er hluti af forvarnarteymi skólans. Hún sótti fundi með teyminu einu sinni í viku. Þessi vetur fór að stærstum hluta í gerð eineltisáætlunar fyrir skólann sem var kynnt á starfsmannafundi í apríl. Agnes sá einnig um FOV171 ásamt Írisi forvarnarfulltrúa og Ester Ýr kennara. FOV 171 samanstóð af 4 nemendum skólans. Þessir nemendur voru valdir sérstaklega sem fulltrúar ólíkra hópa innan skólans. Hugmyndin var að vinna með hópamyndanir í FSu. Hópurinn hittist einu sinni í viku þar sem rædd voru ýmis mál tengd einelti og hópamyndunum, afleiðingum og orsökum. Hópurinn hannaði spurningarlista um einelti í skólanum, en af ýmsum ástæðum var hann ekki notaður. „Út í geim“ var tveggja daga uppákoma sem hópurinn stóð fyrir þar sem öllum nemendum og starfsfólki skólans var skipt niður í stjörnumerki. Hvert stjörnumerki fékk bol merktan sínu stjörnumerki í ákveðnum lit og fékk úthlutað svæði í skólanum þar sem það átti að halda sig. Vinnan með FOV171 tók mikinn tíma af starfi náms- og starfsráðgjafa en verkefnið er mjög þarft sem forvörn fyrir neikvæðri hópamyndun í skólanum.

Álfhildur var á haustönn skipuð í teymi til að fara yfir og endurnýja áætlun um viðbrögð við áföllum af ýmsu tagi s.s. vegna dauðsfalla, slysa, og bráðatilfella. Er þeirri vinnu ekki lokið.

Náms- og starfsráðgjafar áttu reglulega fundi með skólameistara og aðstoðarskólameistara

Náms- og starfsráðgjafar eru milligöngumenn nemenda með greiningu vegna hljóðbóka sem þeir eiga rétt á að fá frá Blindrabókasafninu

Náms- og starfsráðgjafar héldu áfram að uppfæra heimasíðu deildarinnar enda er það eilífðarverkefni

Náms- og starfsráðgjafar áttu samskipti við foreldra nemenda skólans vegna einstakra nemenda

Náms- og starfsráðgjafar áttu samskipti við kennara og annað starfslið skólans vegna einstakra nemenda

Náms- og starfsráðgjafar hringdu í alla nemendur sem féllu á önn á haustönninni og einnig þá sem féllu í fjórum fögum eða meira. Á vorönn var reglum breytt og enginn féll á önn en náms- og starfsráðgjafar hringdu í alla þá sem féllu í fjórum fögum eða meira og/eða gekk mjög illa.

Náms- og starfsráðgjafar útbjuggu litla kynningarbæklinga með helstu upplýsingum um náms- og starfsráðgjafa skólans s.s. viðtalstímum og helstu verkefnum

Náms- og starfsráðgjafar eru búnir að uppfæra kynningarhorn sitt þannig að þar eru upplýsingar um allt háskólanám sem í boði er á Íslandi og að auki sýnishorn af erlendum skólum

Umræður og lokaorð

Fyrsta sem kemur upp í hugann þegar litið er yfir þetta skólaár er það að á vordögum fengu náms- og starfsráðgjafar lögverndun á starfsheiti sitt og er það mikill áfangi fyrir stéttina í heild. Skólaárið mótaðist líka af nýjum framhaldsskólalögum en þeim fylgja mörg tækifæri eins og nýjar námsbrautir sem verið er að vinna að og breytingar á einingakerfinu. Þeim fylgdi hinsvegar líka óvissa til dæmis hvað varðar inntökuskilyrði sem voru óljós lengi vel. Reglur Vinnumálastofnunar varðandi rétt til atvinnuleysisbóta annarsvegar og hversu mörgum einingum nemendur mega vera í á framhaldsskólastigi kom dálítið inn á borð til okkar því reglurnar voru hertar í janúar eftir að skóli

byrjaði og því urðu nemendur að hætta í áföngum þrátt fyrir að gengi vel til að tapa ekki atvinnuleysisbótunum. Miðað við þjóðfélagsástandið finnst okkur þetta skjóta skökku við.

Sé litið inn á við viljum við lýsa yfir ánægju okkar með reglulega fundi með skólameistara og aðstoðarskólameistara sem teknir voru upp á skólaárinu.

Kennsla í skólanum hefur þróast á þá leið að sífellt er algengara að áfangar séu án lokaprófa. Nauðsynlegt er að þjónusta við nemendur með námsörðugleika fylgi þeirri þróun og þau úrræði sem eru í boði fyrir þessa nemendur séu einnig í boði fyrir þá yfir önnina þegar mat fer fram í áföngum. Lengri prófatími, próf lesin á diska, sérstakar prófastæður, lituð próf, stækkuð próf o.s.frv. Eru úrræði sem eiga að mæta erfiðleikum nemenda á prófatíma og ætti að vera sama hvort mat fer fram á skólatíma eða í próftöflu. Mikilvægt er að kennarar átti sig á þessu og gefi nemendum það svigrúm/þjónustu sem þeir þarfnast. Náms- og starfsráðgjafar FSu hafa óskað eftir að þessir þættir komi fram á kennarafundi í byrjun næsta skólaárs.

Á skólaárinu voru reglulega í boði ýmis námskeið fyrir nemendur. Námskeiðin eru sniðin að skólaárinu, þar sem í upphafi er boðið upp á „neistanámskeið“ þar sem farið er í hvatningu, áhuga og markmiðssetningu, síðan er boðið upp á áhugasviðsgreiningu, námskeið í námsaðferðum og í lokin prófundirbúningsnámskeið. Um er að ræða metnaðarfull námskeið sem nemendur ættu að græða mikið á að sækja. Hinsvegar er vandinn sá að nemendur sækja ekki námskeiðin eins og æskilegt væri þrátt fyrir ýmsa nýbreytni náms- og starfsráðgjafa í auglýsingum og framboði á námskeiðum. Veltum við því fyrir okkur hvaða leiðir hægt sé að fara til þess að þeir skili sér betur á námskeiðin.

Mikið af starfstíma náms- og starfsráðgjafa fer í að sinna nemendum sem þurfa á hjálp að halda hvað varðar námslega og persónulega þætti. Má velta því fyrir sér hvort ekki sé tímabært að vinna meira en gert hefur verið með nemendum sem skara fram úr og sýna góðan námsárangur. Náms- og starfsráðgjafar komu með nokkrar hugmyndir þess efnis til skólastjórnenda. Þessar hugmyndir höfðu það að leiðarljósi að umbuna þeim sem standa sig vel og hvetja þá til frekari dáða.

Mál nemenda í FSu sem eru af erlendu bergi brotnir komu talsvert upp á borð náms- og starfsráðgjafa. Helst bera að nefna tungumálaerfiðleika. Þessir erfiðleikar valda því að nemendur geta ekki tekið sömu áfanga og þeir sem hafa íslenskuna sem móðurmál. Lifsléikniáfanginn 106 er áfangi sem erlendir nemendur eiga ekki erindi í allavega ekki ef hugmyndin með því námi er að nemandinn skilji hvað fer fram í áfanganum. Mikilvægt er að skólinn sé í stakk búinn til þess að taka á móti þessum nemendum.

Það er líka ljóst að til að tími náms- og starfsráðgjafa nýtist sem best þarf jafnmargar skrifstofur og fjöldi ráðgjafa er á hverjum tíma. Það er jafnframt mikilvægt að hafa tíma fyrir undirbúning til að ýmist undirbúa t.d. námskeið, vinna úr ýmsum málum eða sinna endurmenntun.